STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 1998

Nr. 120 242 27. febrúar 1998

REGLUGERÐ

um varnir gegn smitandi hitasótt í hrossum.

1. gr.

Þar sem komið hefur upp áður óþekktur dýrasjúkdómur hér á landi („smitandi hitasótt í hrossum") er allur flutningur hrossa milli hesthúsa, lögbýla og landshluta bannaður.

2. gr.

Undanþegnir eru flutningar hrossa til slátrunar sem háðir eru sérstöku leyfi yfirdýralæknis hverju sinni. Við flutninga samkvæmt undanþágu yfirdýralæknis gilda m.a. eftirfarandi reglur:

a. Bílstjórum á flutningabílum er óheimilt að fara í hesthús, gerði eða á aðra þá staði þar sem hross eru.
b. Bændur skulu hafa sláturhross tiltæk og aðgreind frá öðrum hrossum, svo og nægan mannafla til að koma sláturhrossum á flutningatæki.
c. Flutningatæki skal hreinsa og sótthreinsa á fullnægjandi hátt að mati héraðsdýralæknis fyrir og eftir flutninga í slátrun.

3. gr.

Eigendum og umráðamönnum hrossa er skylt að gæta ítrasta hreinlætis við hirðingu og forðast allan umgang við hross í öðrum húsum.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. febrúar 1998.

Finnur Ingólfsson.

Jón Höskuldsson.

Stjórnartíðindi B 16, nr. 120. Útgáfudagur 2. mars 1998.

Gutenberg